

Heimatrygging 2

Upplýsingaskjal um váttryggingu

TM tryggingar hf. - Reykjastræti 6, 101 Reykjavík

TM

Skilmáli 102

Staðlað upplýsingaskjal um váttryggingu

Í þessu skjali finnur þú allar helstu upplýsingar um trygginguna. Vakin er athygli á því að atriði sem talin eru upp hér fyrir neðan eru ekki tæmandi listar heldur algeng og lýsandi atriði sett fram í þeim tilgangi að gefa þér góða mynd af tryggingunni í stuttu máli. Nákvæmari upplýsingar er að finna í skilmálum tryggingarinnar. Nýjustu skilmála og frekari upplýsingar um trygginguna finnur þú á [tm.is](#) og í TM appinu. Ef þú kaupir trygginguna færðu skirteini og þá skilmála sem gilda í þínu tilvik og getur þar séð nákvæmlega hvernig tryggingavernd þinni er háttað. Þú getur alltaf nálgast yfirlit yfir þínar tryggingar og iðgjöld í TM appinu.



Hvað bætir tryggingin?

- ✓ Tjón eða skemmdir á innbúi vegna t.d. bruna, þjófnaðar og vatnstjóns.
- ✓ Slys í frítíma, þ.m.t. bætur vegna varanlegs líkamstjóns og tannlæk-nakostnaður ef tennur brotna í slysi.
- ✓ Skaðabætur þegar einhver annar en fjölskyldumeðlimur verður fyrir tjóni og bótaábyrgð skapast.
- ✓ Misnotkun á greiðslukorti.
- ✓ Málskostnaður vegna ágreinings fyrir dómi í einkamálum.
- ✓ Áfallahjálp vegna tjónsatviks.
- ✓ Ferðakostnaður vegna forfalla í ferðalagi erlendis (valkvætt).
- ✓ Tjón á farangri í ferðalagi (valkvætt).
- ✓ Töf á farangri á ferðalagi erlendis (valkvætt).
- ✓ Sjúkrakostnaður vegna slysa, veikinda eða andláts sem verður er-lendis (valkvætt).
- ✓ Innbúskaskó sem tekur til skemmda á innbúi af víðtækum orsökum (valkvætt).
- ✓ Tjón á innbúi þegar heimilið er leigt út í heimagistingu (valkvætt).

Upptalningin hér að ofan er ekki tæmandi. Nánari upplýsingar um trygginguna er að finna í skilmála hennar.



Hvað bætir tryggingin ekki?

- ✗ Tjón á innbúi vegna utanaðkomandi vatns.
- ✗ Slys sem verða við vinnu.
- ✗ Umferðarslys.
- ✗ Slys í keppnum.
- ✗ Málskostnaður vegna hjónaskilnaðar eða ágreinings um forræði bar-na eða umgengnisrétt.
- ✗ Ferðakostnaður þegar forföll eru vegna veikinda sem voru til staðar áður en ferð var keypt.
- ✗ Hlutir sem týnast, gleymast eða eru skildir eftir á almannafæri.

Upptalningin hér að ofan er ekki tæmandi. Nánari upplýsingar um trygginguna er að finna í skilmála hennar.



Eru einhverjar sérstakar tak-markanir?

- ! Hámark á bótafjárhæðum í innbústryggingu:
- ! Skartgripir og úr eru að hámarki 5% af innbúsverðmæti.
- ! Peningar, verðbréf, handrit, frumteikningar, mynt- og frímerkjasöfn eru að hámarki 1% af innbúsverðmæti hver liður.
- ! Reiðhjól eru bætt að hámarki 150.000 kr.
- ! Verkfæri, varahlutir og áhöld eru að hámarki 5% af innbúsverðmæti.

Upptalningin hér að ofan er ekki tæmandi. Nánari upplýsingar um trygginguna er að finna í skilmála hennar.



Hvar gildir tryggingin?

- ✓ Almennt gildir tryggingin á Íslandi og á ferðalögum hvar sem er í heiminum í 92 daga.
Ábyrgðartryggingin gildir á Íslandi og á ferðalagi innan Evrópu í 92 daga.



Hverjar eru mínar skyldur?

Veita allar nauðsynlegar upplýsingar við töku tryggingar, við endurnýjun og eftir þörfum á meðan tryggingin er í gildi.

Tilkynna tjón til TM tafarlaust og eigi síðar en innan árs frá tjónsatviki.

Tilkynna lögreglu tafarlaust um innbrot, þjófnað, skemmdarverk og rán með ósk um rannsókn.

Reyna að afstýra tjóni eða takmarka það eins og hægt er.

Leita til læknis þegar slys ber að höndum og fara í öllu að fyrirmælum læknis.



Hvenær og hvernig greiði ég fyrir trygginguna?

Almennt er hægt að velja um nokkrar leiðir til að greiða fyrir trygginguna, þ.e. í einu lagi við útgáfu og hverja endurnýjun, með greiðsludreifingu í netbanka eða á kreditkort.



Hvenær tekur tryggingin gildi og hvenær lýkur henni?

Tryggingin gildir almennt í 12 mánuði frá því tímamarki sem getið er í skírteini og endurnýjast sjálfkrafa sé henni ekki sagt upp á því tímabili.



Hvernig segi ég tryggingunni upp?

Almennt er hægt að segja tryggingunni upp hvenær sem er á tryggingartímabilinu með skriflegri uppsögn ef þú færir þig til annars tryggingafélags eða hefur ekki lengur þörf fyrir hana. Löggjald er þó greitt fyrir þann hluta tímabilsins sem tryggingin var í gildi.